

Breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla - almennum hluta

Menntamálaráðherra hefur [staðfest breytta útgáfu](#) á fyrri [hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, almennum hluta](#), og var breytingin birt í [Stjórnartíðindum](#) 20. febrúar sl. Megintilgangur með endurskoðuninni var að fella inn í texta námskrárinnar breytingar sem gerðar hafa verið á námskránni frá því að hún kom út 1999 og tilkynntar voru með auglýsingum í Stjórnartíðindum eða með dreifibréfum. Einnig hefur texta verið breytt nokkuð í því skyni að gera hann skýrari og taka af tvímæli þar sem við átti. Í þessari útgáfu felst engin breyting á þeirri skólafestun sem mörkuð var með námskránni frá 1999.


Meðal þess sem er nýtt í þessari útgáfu námskrárinnar eða hefur verið fellt inn samkvæmt fyrri ákvörðun ráðherra er eftirfarandi:

- Um áfangalýsingar, sbr. dreifibréf sem sent var skólum 15. mars 2000.
- Um viðbótarnám til stúdentsprófs, sbr. auglýsingu um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla nr. 54/2002.
- Um mat á óformlegu námi og starfsreynslu svo og reglur um mat á tónlistarnámi.
- Um staðal fyrir prófskrárteini.
- Um undanþágur og frávik, sbr. auglýsingu

um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla nr. 55/2002

- Um mat á skólafestun, nýr kafli.

Ráðuneytið leggur áherslu á að námskráin marki þann ramma sem nám og kennsla og meðferð skyldra mála í framhaldsskólum miðast við. Námskráin verður birt á vef ráðuneytisins auk þess sem hún kemur út í prentuðu formi. Síðari hluti almenna hlutans sem hefur að geyma lýsingar á einstökum námsbrautum verður birtur innan skamms.



Nemendur [Öskjuhlíðaskóla](#) afhenda ráðherra mynd með kveðju er hún heimsótti sérskóla í höfuðborginni þann 4. febrúar sl. Þann dag heimsótti ráðherra einnig [Brúarskóla](#), [Safamýraraskóla](#), táknmálssvið [Hlíðaskóla](#) og [Öskjuhlíðarskóla](#). Að heimsókn lokinni átti ráðherra fund með fulltrúum Reykjavíkurborgar um málefni sérskólanna.

Framtíð tónlistarmenntunar á Íslandi

[Tónskóli Sigursveins](#) hafði forgöngu um að halda málþing í [Kennaraháskóla Íslands](#) laugardaginn 21. febrúar sl. um stöðu tónlistarmenntunar á Íslandi. Meðal þeirra er fluttu ávarp á ráðstefnunni var Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, og ræddi hann m.a. störf viðræðunefndar menntamálaráðuneytis og [Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) um kostnaðarskiptingu og fyrirkomulag tónlistarkennslu á framhaldsskólalag. Nefndinni, sem hóf störf í ágúst á síðastliðnu ári, er ætlað að fjalla um kostnaðarskiptingu og fyrirkomulag tónlistarkennslu á framhaldsskólalag á grundvelli laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla [nr. 75/1985](#), með síðari breytingum og gera tillögur um úrbætur í því efni. Steingrímur vék að stöðu þeirra viðræðna og sagði: „Fyrir liggur, af hálfu ráðuneytisins, jákvæð afstaða til þess að ríkið taki þátt í kennslukostnaði tónlistarskóla í gegnum þá framhaldsskóla sem bjóða upp á tónlistarnám sem hluta af skipulögðu námi til stúdentsprófs. Nefndin mun á næstu vikum vinna að tillögum um það með hvaða hætti framhaldsskólar taki þátt í kostnaði við tónlistarnám nemenda sinna. Þær tillögur verða lagðar fyrir menntamálaráðherra og Samband íslenskra

sveitarfélaga. Jafnframt hefur menntamálaráðherra ákveðið að skipa starfshóp til að semja frumvarp til laga um tónlistarskóla er leysi af hölmi gildandi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.”

Dagskrá Listahátíðar 2004

[Listahátíð í Reykjavík 2004](#) verður haldin dagana 14. – 31. maí og mun hátíðin í ár einkennast af sviðslist, dansi og leikhúsi. Er þetta í fyrsta sinn sem boðið er upp á margar alþjóðlegar stórar leik- og danssýningar í einu hér á landi. Övenju margir erlendir listamenn koma á hátíðina, eða nálægt 200 talsins, en innlendir listamenn eru á fjórða hundrað. Tónlist setur einnig sterkan svip á hátíðina, líkt og þau 35 ár sem Listahátíð hefur starfað. Hingað koma fjöldamargir listamenn frá fjarlægum heimshornum, svo sem Perú, Rússlandi, Ástralíu og Kanada.

Sviðslistir í öndvegi

Þjóðleikhús Kákasuslýðveldisins Georgíu, [Rustaveli leikhúsið](#), er eitt fremsta leikhús heims og þaðan kemur ein umtalaðasta Shakespearesýning seinni ára, *Þrettándakvöld*, í leikstjórn Roberts Sturua. Frá Berlín kemur sýning [Schaubühne](#) leikhússins, sem að margra mati er framsæknasta leikhús Evrópu í dag, með sýninguna *Körper*, verðlaunásýningu af stærstu gerð eftir Söshu Waltz. Frá Japan kemur þekktasti hópurinn þar í landi, [Sankai Juku](#), og sýnir víðfræga og verðlaunáða sýningu - *Hibiki*, - *Resonance from far away*. Einnig mun leikhópurinn [Vesturport](#) bjóða upp á magnað áhættuatriði í miðbænum.

Ýmsar fleiri sýningar og uppákomur verða tengdar sviðslistum. Erna Ómarsdóttir, einn allra fremsti dansari sem Íslendingar hafa eignast, sýnir hér í fyrsta sinn ásamt Jóhanni Jóhannssyni og Epos kvartettinum sýninguna *IBM*, en hún hefur verið sýnd á hátíðum víða um heim. Með sýningunni verður frumflutt annað nýtt dansverk, *Glóð*, og kammeróperan *Hugstolinn* verður frumsýnd í samvinnu við [LR](#). Barnaleikhúshátíð verður á vegum Assitej, og margar innlendir og erlendir leiksýningar fyrir börn á boðstólum.

Stjórnur úr tónlistarheiminum

Af stórum erlendum söngfólki á sviði tónlistar ber helst að nefna söngkonuna Olgu Borodinu, sem syngur glæsilegar óperuaríur með

Listahátíð í Reykjavík

[Sinfóníuhljómsveit Íslands](#). Kanadíski píanósnullingurinn, Marc-André Hamelin, spilar í Háskólalíði, rússneskur munkakór frá dómkirkjunni við Rauða torgið í Moskvu syngur óviðjafnanlega rússneska tónlist í [Hallgrímskirkju](#), franskir jassarar, [KlezmerNova](#) taka klezmer-sveiflu á Broadway og þar slær söngdrottningin Susana Baca frá Perú botninn í Listahátíð á 2. í hvítasunnu.

Hinn frægi [Brodsky kvartett](#) verður með tvöna tónleika, sérstakir tónleikar verða til heiðurs Guðnýju Guðmundsdóttur og Jónasi Ingimundarsyni, með glæsilegum efnisskrám. Kvikmyndatónlist fær einnig sinn skammt, KaSa hópurinn stendur fyrir afar áhugaverðri dagskrá sem byggir á íslenski kvikmyndatónlist og [FÍ](#) og [FÍH](#) standa fyrir ókeypis tónleikaröðum í Hljómskálanum og í Kringlunni.

Bang Gang, Orgelkvartettinn Apparat og Mínus tröða upp í Laugardalshöll. Jagúar og Tómas R. hafa tekið höndum saman og verða með stórtónleika á Listahátíð á Nasa ásamt fjölda íslenskra jassleikara úr fremstu víglínu. Þeir Hilmar Örn og Donal Lunny, fremsti tónlistarmaður Íra á sviði þeirra tónlistararfs, bjóða til veislu með nokkrum allra fremstu tónlistarmönnum beggja þjóðanna. Hefur þetta verkefni þegar vakið mikla athygli erlendis. Fleiri listamenn koma frá Írlandi að þessu sinni, m.a. Nóbelskáldið Seamus Heaney, en hann er einn þeirra listamanna sem einnig heimsækir landsbyggðina í þessari för til Íslands.

Myndlist

Myndlistin verður fyrirferðamikil á Listahátíð 2004. Í [Listasafni Íslands](#) verður bandarísk nútímalist, á [Kjarvalssstöðum](#) verður sýning Francesco Clemente og Roni Horn. Ungir myndlistarmenn sýna verk sín, þeir Ragnar Kjartansson og Magnús Sigurðarson í [ASÍ salnum](#) og í [Gallerí 18](#) verður sýning Gabrielu Friðriksdóttur, en hún hefur einnig gert veggspjald Listahátíðar í ár sem byggir á myndbandi sem gert var fyrir Listahátíð með Ernu Ómarsdóttur, dansara. Finnskar ljósmyndir verða í [Ljósmyndasafni Reykjavíkur](#) og sýning hjá [Listasafninu á Akureyri](#) á koparstungum Goya. Alþjóðlegir listamenn sýna verk í Hallormsstaðarskógi.

